

Fiskeldi Austfjarða
Strandgata 18
735 Eskifjörður

17. nóvember 2025
UOS2501625/M.S.

Efni: Málslok

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf dags. 30. október 2025, þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávika er fram komu í eftirliti þann 18. september 2025 að starfsstöð rekstraraðila í Þorlákshöfn. Frestur var veittur til 20. nóvember 2025 til að skila inn áætluninni.

Frávikið er eftirfarandi:

1. Reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi en árekstrarvörn vantaði á olíugeyma

Umhverfis- og orkustofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikunum lokið. Úrbætur verða teknar út og aðstæður skoðaðar í næsta eftirliti Umhverfis- og orkustofnunar.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

María Svavarsdóttir

Teymi eftirlits

Frigg Thorlacius

lögfræðingur